



Reglur um notkun á merki Akureyrarbæjar

1. grein

Útlit skjaldarmerkisins

Merki Akureyrarbæjar er blár skjöldur með hvítum fugli. Á bringu fuglsins er skjöldur með kornknippi. Blái liturinn er litur himinsins og fjarlæggra fjalla, kornknippið tákn nafnsins Akureyri, en fuglinn er tengdur frásögn Heimskringlu um landvættina. Haraldur Gormsson konungur bauð fjölkunnugum manni að fara hamförum til Íslands. Sá fór í hvalslíki. Er hann fór inn eftir Eyjafirði „fór móti honum fugl svo mikill að vængirnir tóku fjöllin tveggja vegna og fjöldi annarra fugla, bæði stórir og smáir.“

2. grein

Litir merkisins

Einn litur er í skjaldarmerki bæjarins og er það heiðblár litur (Pantone 300C). Utan um skjaldarmerkið er hvít lína sem er sýnileg þegar merkið situr á lituðum grunni. Útlínan er ætíð hvít og sést því ekki á hvítum grunni. Leyfilegt er að nota merki bæjarins í svörtum lit en þá einungis í svarthvítu umhverfi. Á lituðum fleti eða ofan á myndum skal nota hefðbundna útgáfu af merkinu þar sem hvítar útlínur koma í ljós og letrið birtist í hvítu. Leitast skal við að láta merkið eingöngu sitja á hvítum fleti.



3. grein

Hátíðarútgáfa merkisins

Á hátíðarútgáfu merkisins eru tunga, klær og skjöldur á bringu fuglsins í rauðum lit (Pantone warm red) en goggur, fætur og kornknippi í gulum lit (Pantone 123). Skjöldurinn er í sama bláa lit og einlita merkið (Pantone 300C). Hátíðarútgáfan er birt án heitis eða texta undir. Hátíðarútgáfan er eingöngu notuð af sveitarfélaginu sjálfu og þá aðeins þar sem merkið stendur eitt og sér, t.d. á fána eða kynningarefni við sérstök tilefni. Hátíðarútgáfan er ekki notuð í hefðbundnu kynningarefni eða markaðsefni.



4. grein Letur merkisins

Með skjaldarmerki bæjarins er heiti hans ritað með leturgerðinni Myriad Pro í semi-bold útgáfu og er það eina letrið sem er leyfilegt á heiti bæjarins með skjaldarmerkinu. Letrið með skjaldarmerkinu á í öllum tilfellum að vera útlínað þannig að ekki þarf að fást um það sérstaklega. Í rafrænu skjalavistunarkerfi bæjarins er heiti embættis, sviðs, deildar eða stofnunar skrifað með Arial (Arial regular).

Skjaldarmerkið skal annað hvort staðsett fyrir framan heiti sveitarfélagsins eða miðjað yfir heitinu. Heitið Akureyrarbær er notað í yfirtitli og heiti viðkomandi embættis, sviðs, deildar eða stofnunar þar undir.



Stærðarhlutföll leturs og skjaldarmerkis hafa verið fastsett í hönnunarstaðli.

Skjaldarmerkið með letri er aðgengilegt á vef bæjarins, www.akureyri.is.

5. grein Notkun skjaldarmerkisins með öðrum merkjum

Skjaldarmerki Akureyrarbæjar má ekki fella inn í önnur merki, tákn eða letur. Þegar skjaldarmerkið stendur með öðru merki skal fjarlægð frá því að lágmarki vera sem nemur helmingi af breidd skjaldar.

6. grein Notkun merkisins

Bæjarstjóri, bæjarfulltrúar, svið og stofnanir bæjarins noti merkið til að auðkenna starfsemi bæjarins. Um nánari útfærslu í hverju tilviki vísast til hönnunarstaðals.

6.1 Bréfsefni, nafnspjöld, umslög

Á bréfsefni verði skjaldarmerki bæjarins efst í hægra horni og upplýsingar í fæti, jafnaðar vinstra megin. Heiti embættis, sviðs, deildar eða stofnunar verði í fæti, vinstra megin. Óski stofnun eftir að nota eigið merki á bréfsefni ber að staðsetja það ofan við línuna í fætinum og skal það vera innan reits sem er að

hámarki jafnt skjaldarmerkinu á hæð og 2/3 af heitinu Akureyrarbær á breidd. Línan neðst inniheldur þá upplýsingar sem tilheyra stofnuninni. Hið sama gildir um nafnspjöld starfsmanna bæjarins og skal stærð merkis stofnunar vera í sömu hlutföllum og á bréfsefni. Umslög eru útbúin í þremur stærðum; M65, C5 liggjandi og C4 standandi. Umslög má merkja með heiti embættis eða sviðs fyrir ofan upplýsingar í fæti en merki bæjarins er ávallt efst í vinstra horni.

6.2 Undirskrift í tölvupósti

Undirskrift í tölvupósti skal alltaf fylgja stöðluð mynd með merki bæjarins og vera í samræmi við leiðbeiningar um uppsetningu í hönnunarstaðli.

6.3 Auglýsingar og útgefið efni

Í öllu efni sem frá Akureyrarbæ og stofnunum hans kemur skal merki sveitarfélagsins vera áberandi. Gæta ber þess að merkið falli vel að heildarútliti og að viðmiðum í hönnunarstaðli sé fylgt.

6.4 Vefsíður

Á vefsíðum stofnana á, með notkun skjaldarmerkisins, að koma fram með greinilegum hætti að þær tilheyri Akureyrarbæ. Það er gert með stöðluðum borða í fæti síðunnar og merki bæjarins með hlekk á heimasíðu sveitarfélagsins ofarlega á síðunni. Gæta ber þess að merkið falli vel að heildarútliti og njóti sín vel.

6.5 Skyggnur (glærur)

Bæjarfulltrúar og starfsmenn noti ávallt merki bæjarins í glærुकyningum sem þeir halda fyrir hönd bæjarins. Þeim er heimil notkun á glærugrunnum sem eru aðgengilegir á innri vef bæjarins.

6.6 Byggingar

Allar byggingar sem hýsa starfsemi bæjarins eiga að vera merktar með skjaldarmerki Akureyrarbæjar og heiti viðkomandi starfsemi. Merkingarnar skulu vera á áberandi stað til að auðvelda fólki að finna viðkomandi þjónustu.

6.7 Bifreiðar

Bifreiðar sem eru í notkun á vegum Akureyrarbæjar og stofnana hans skulu merktar með skjaldarmerki bæjarins. Einnig er heimilt að setja vefslóð og/eða miðlægt símanúmer þar sem því verður við komið. Merkið skal líma á framhurðir á hvorri hlið bifreiðar, þannig að miðja merkis komi á miðju hurðar.

6.8 Fánar

Á fánum er notað blátt skjaldarmerki miðjað á hvítum grunni með eða án heitis sveitarfélagsins. Fáni með hátíðarútgáfu skjaldamerkis er án heitis og aðeins til sérstakra nota sbr. grein 3.

6.9 Gjafavara o.fl.

Þegar skjaldarmerki bæjarins er notað á gjafavöru og annað sem ekki fellur undir hefðbundið prentefni er óhjákvæmilegt að sveigja frá stífum kröfum um litanotkun. Þó er mælt til þess að litir séu sem líkastir því sem tilgreint er í 2. grein. Lögð er áhersla á að skjaldarmerkið fái notið sín með smekklegum hætti eftir því sem við á hverju sinni.

7. grein

Önnur notkun merkisins

Öðrum en bæjarstjóra, bæjarfulltrúum, starfsmönnum og stofnunum Akureyrarbæjar er óheimilt að nota merki bæjarins, með þeim undantekningum sem hér greinir. Um útlit, liti og letur merkisins gilda sömu reglur og kveðið er á um hér að framan.

7.1 Notkun félagasamtaka

Almenn skráð félög og almannaheillafélög, sem starfa á Akureyri í þágu ófjárhagslegs tilgangs í almannabágu, sem og íþróttafélög hverskonar, mega, að fengnu skriflegu leyfi Akureyrarbæjar, nota merki bæjarins ásamt félagsmerki sínu eða greinilegu auðkenni. Akureyrarbær getur, hvenær sem er, krafist þess að merki bæjarins sé afmáð úr slíku félagsmerki, ef notkun þess kastar rýrð á skjaldarmerkið sjálft eða þykir óheppileg á annan hátt.

7.2 Notkun á söluvarningi

Óski einstaklingar eða fyrirtæki eftir að framleiða varning með merkinu eða merkið sjálft í einhverju formi og hafa til sölu þarf til þess skriflegt leyfi Akureyrarbæjar hverju sinni. Óheimilt er að nota merkið sem hluta af firmamerki eða vörumerki. Stjórnmalaflokkum er ekki heimilt að nota merkið og óheimilt er með öllu að nota það til stjórnmalááróðurs.

7.3 Umsóknir um notkun

Umsókn til Akureyrarbæjar um leyfi til þess að nota skjaldarmerki bæjarins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn eða upprættir af merkinu eins og á að nota það. Umsóknir skal senda á akureyri@akureyri.is

Samþykkt í bæjarráði 28. nóvember 2019

Samþykkt í bæjarstjórn 3. desember 2019